

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B36-39

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 36-39

Nr. 310-336

2005

Efnisyfirlit B 36–39 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
310	15. mars	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	457-458
311	21. mars	Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	459-460
312	15. mars	Reglur um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2005-200	461-463
313	11. mars	Reglugerð um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda	463-467
314	18. mars	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi við Hraungerði og Borgarsíðu, Akureyri	467
315	15. mars	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi við Sunnumörk og Mánamörk í Hveragerði	467
316	17. mars	Gjaldskrá fyrir búfjárefartilrit í Skaftárhreppi	468
317	17. mars	Gjaldskrá fyrir búfjárefartilrit í Rangárfingi ytra	468-469
318	16. mars	Gjaldskrá fyrir búfjárefartilrit Héraðssvæðis, búfjáreftilrits- svæði Austur-Héraðs, Norður-Héraðs, Borgarfjarðar- hrepps, Fellahrepps, Fljótsdalshrepps og Seyðisfjarðar- bæjar	469-470
319	11. mars	Auglýsing um skrá Ísafjarðarbæjar samanber 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	470-471
320	16. mars	Auglýsing um deiliskipulag við Stórutjarnir í Þingeyjarsveit	471
321	15. mars	Auglýsing sveitarstjórnar Dalabyggðar um samþykki deiliskipulags	472
322	11. jan.	Gjaldskrá fyrir hreinsun og losun rotþróa í Grýtubakkahreppi	472
323	11. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi	473
324	11. mars	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 234/2003 um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki fyrir þá sem eru með heyrnarmein	473-474
325	15. mars	Auglýsing um skipulagsmál í Borgarbyggð	474
326	15. mars	Auglýsing staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Marinós Bjarna Kristjánssonar nr. 290 22. apríl 1983	474-475
327	13. mars	Gjaldskrá fyrir sorphreinsun og eyðingu sorps í Skorradalshreppi	475
328	11. mars	Auglýsing um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg	476
329	14. mars	Auglýsing um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg	476
330	17. mars	Auglýsing um skrá Heilsustofnunar NLFÍ skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	477
331	18. mars	Reglugerð um kjöt og kjötvörur	477-482
332	16. mars	Gjaldskrá fyrir rotþróargjald í Garðabæ	482-483
333	11. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 414/2000 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk í grunnskólum	483

AUGLÝSING um deiliskipulag í Kópavogi.

Lundur. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 14. desember 2004 samþykkt tillögu að deiliskipulagi Lundar við Nýbýlaveg. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur til norðurs, íbúðarbyggð við Birkigrund til austurs, Nýbýlavegi til suðurs og Hafnarfjarðarvegi til vesturs.

Í tillögunni felst heimild til að byggja 384 íbúðir að stofni til í fjölbýli en austast á svæðinu næst núverandi byggð við Birkigrund, er gert ráð fyrir sérbýli, bæði raðhúsum og parhúsum. Hæð sérbýlisins verður 1-2 hæðir. Upp við Nýbýlaveg er gert ráð fyrir fjórum 8 til 9 hæða byggingum auk kjallara og þakhæðar en neðar á svæðinu verða 2-5 hæða klasabyggingar. Þéttleiki byggðarinnar er áætlaður um 40 íbúðir á ha og fjöldi íbúa um 1.100.

Deiliskipulagstillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skilmálum dags. 4. maí 2004, breytt 18. maí 2004 og yfirfarin 14. september 2004, 14. desember 2004 og 10. mars 2005.

Með tilvísan í framkomnar athugasemdir og ábendingar voru samþykktar eftirfarandi breytingar á framlögðum gögnum:

- *Framkvæmdum* við sérbýli austan til á deiliskipulagssvæðinu, yfir mögulegum Kópavogsgöngum, verði *frestað*. Um er að ræða 3 parhús og 3 raðhús við C-götu með samtals 15 íbúðum.
- Í endanlegri hönnun Nýbýlavegar verði reynt að minnka færslu vegarins til norðurs eins og frekast er unnt.
- Í skipulagsskilmálum hefur umfjöllun um hljóðvist verið endurbætt og gerð ítarlegri bæði í almennum ákvæðum og sérákvæðum. Þá hefur greinargerð Almennu verkfræðistofunnar um hljóðvist í Lundarhverfi dags. 20. apríl 2004 verið bætt við skilmálaheftið.
- Trjálundur við Nýbýlaveg hefur verið afmarkaður á skýringaruppdrátt deiliskipulagsins.
- Dagsetningar á uppdráttum yfirfarnar.

Tengingar Hafnarfjarðarvegur, Skeljabrekku og Nýbýlavegar. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt þann 14. desember 2004 tillögu að deiliskipulagi tenginga Hafnarfjarðarvegur, Skeljabrekku og Nýbýlavegar. Í tillögunni er gert ráð fyrir að tengja rampa af Hafnarfjarðarvegi inn í núverandi legu Skeljabrekku sem tengist síðan Nýbýlavegi með hringtorgi. Gert er ráð fyrir „nýrri Skeljabrekku“ á stuttum kafla, austan þeirrar sem nú er. Mun hún tengjast inn í Dalbrekku. Í tillögunni kemur jafnframt fram færsla Nýbýlavegar til norðurs á móts við húsinn að Nýbýlavegi 2-32, hringtorg á gatnamótum Nýbýlavegar, Auðbrekku og nýrrar götu að fyrirhuguðu Lundarsvæði, aðkoma að fyrirhugaðri þjónustustöð/bensínstöð við Nýbýlaveg, undirgöng og gönguleiðir. Deiliskipulagstillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð dags. 4. maí 2004 og breytt 18. maí 2004 og 10. febrúar 2005.

Uppdrættir fyrir báðar skipulagsáætlanirnar hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslu þeirra er hægt að nálgast á bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8.00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00.

Kópavogi, 15. mars 2005.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 2005

21. mars 2005

459

Nr. 311

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Reitur 1.133.2, Framnesreitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 3. mars 2005 deiliskipulag fyrir Framnesreit sem afmarkast af Framnesvegi, Holtsgötu, Seljavegi og Vesturgötu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reitur 1.250.1, Skipholtsreitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 9. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.250.1, vegna lóðarinnar Brautarholt 24. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Norðlingaholt.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 9. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðlingaholt vegna lóðanna Hólavað 45–61.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gufunes, útivistarsvæði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 21. október 2004 deiliskipulag fyrir Gufunes, útivistarsvæði.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ellidaárdalur, settjarnir.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð, þann 30. september 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal vegna settjarna við Elliðavog.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Álftamýri 1-5 og 7-9.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 24. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Álftamýri 1-5 og 7-9.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grafarholt, svæði 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 9. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt, svæði 1, vegna lóðanna Kristnibraut 26 og Þorláksgesla 2-4.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Efstaland 26–28.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 9. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Efstalands 26-28, leikskólalóð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 21. mars 2005,

e.u.

Ágústa Sveinbjörnsdóttir.

REGLUR

um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2005-2006.

1. gr.

Fjöldatakmörkun í læknadeild.

Fjöldi nemenda á 1. námsári í læknisfræði takmarkast við töluna 48.

Fjöldi nemenda á 1. námsári í sjúkraþjálfun takmarkast við töluna 20.

Um val nemenda til náms við læknadeild gilda reglur nr. 1042/2003, um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands. Reglurnar eru birtar í kennsluskrá og aðgengilegar á vef læknadeildar.

2. gr.

Fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræðideild.

Fjöldi nemenda í hjúkrunarfræði takmarkast við töluna 75.

Um val nemenda til náms í hjúkrunarfræði gilda reglur nr. 502/2002, eins og þeim var breytt með reglum nr. 1026/2003. Reglurnar eru birtar í kennsluskrá og aðgengilegar á vef hjúkrunarfræðideildar.

Fjöldi nemenda í ljósmóðurfræði takmarkast við töluna 10.

Um val nemenda til náms í ljósmóðurfræði gilda reglur um það efni sem háskólaráð setti þann 5. október 1995 og birtar eru í kennsluskrá.

3. gr.

Fjöldatakmörkun í tannlæknadeild.

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í tannlæknadeild takmarkast við töluna 6.

Um val nemenda gilda reglur tannlæknadeildar um samkeppnispróf sem birtar eru í kennsluskrá.

4. gr.

Fjöldatakmörkun í félagsvísindadeild.

Fjöldatakmörkun í félagsvísindadeild verður sem hér segir:

A. Inntaka nemenda í kennslufræði til kennsluréttinda.

Fjöldi nýrra nemenda í kennslufræði til kennsluréttinda takmarkast við töluna 80.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn, mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Starfsreynslu.
- c) Greinargerð umsækjenda.
- d) Meðmælum.
- e) Kennaraskorti í ákveðnum greinum.

- f) Dreifingu nemendahópsins á kennslugreinar.
- g) Viðtölum, ef þurfa þykir.

B. Inntaka nemenda í meistaranám í blaða- og fréttamennsku.

Fjöldi nýrra nemenda í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku takmarkast við töluna 21.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Dreifingu nemendahópsins á greinar.
- c) Reynslu af fjölmiðlastörfum.
- d) Reynslu af öðrum sviðum.
- e) Viðtölum.

C. Inntaka nemenda í meistaranám í bókasafns- og upplýsingafræði.

Fjöldi nýrra nemenda í meistaranámi í bókasafns- og upplýsingafræði (til MLIS-gráðu) takmarkast við töluna 30.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Starfsreynslu.
- c) Að rannsóknarsvið námsins tengist rannsóknnum kennara.
- d) Meðmælum og persónulegum greinargerðum / viðtölum.
- e) Viðtölum.

D. Inntaka nemenda í diplomanám á meistarastigi í náms- og starfsráðgjöf.

Fjöldi nýrra nemenda í diplomanámi á meistarastigi í náms- og starfsráðgjöf takmarkast við töluna 20.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Starfsreynslu.
- c) Meðmælum frá skólastjóra ef umsækjandi hefur kennslureynslu, annars frá kennara umsækjanda í háskóla.
- d) Persónulegum greinargerðum um forsendur og áhugasvið.
- e) Viðtölum ef þurfa þykir.

Að auki kann að verða litið til dreifingar umsækjenda hvað varðar fyrstu prófgráðu, þannig að hlutfall nemenda verði sem jafnast með tilliti til greina sem þeir hafa lokið til B.A.-, B.Ed.- eða B.S.-prófs, ásamt kennsluréttindanámi.

E. Inntaka nemenda í meistaranám í náms- og starfsráðgjöf.

Fjöldi nýrra nemenda í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf (til M.A.-gráðu eftir viðbótar- eða diplomanám, 30 einingar) takmarkast við töluna 20. Miðað er við að jafnmargir nemendur verði teknir inn í fullt nám (10 nemendur) og hlutanám (10 nemendur).

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Starfsreynslu.
- c) Meðmælum frá skólastjóra ef umsækjandi hefur kennslureynslu, annars frá kennara umsækjanda í háskóla.

- d) Persónulegum greinargerðum um forsendur og áhugasvið.
- e) Viðtölum ef þurfa þykir.

F. Inntaka nemenda í félagsráðgjöf.

Fjöldi nýrra nemenda í félagsráðgjöf (til B.A.-gráðu með starfsréttindum, 120 einingar) takmarkast við töluna 30.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Annarri starfstengdri menntun.
- c) Starfsreynslu ásamt umsögnum frá yfirmanni viðkomandi stofnunar (á sviði félagsmála- og heilbrigðisþjónustu eftir því sem við á).
- d) Persónulegum greinargerðum um fyrirhugað starfsval.
- e) Viðtölum ef þurfa þykir.

G. Inntaka nemenda í cand.psych. nám.

Fjöldi nýrra nemenda í framhaldsnámi í sálfræði (til cand.psych.-gráðu með starfsréttindi skv. lögum nr. 40/1976, til 60 eininga) takmarkast við töluna 15.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum á B.A.-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi.
- b) Nám að loknu B.A.-prófi í sálfræði og birtingum í ritrýndum tímaritum.

Nefndir, skipaðar starfsmönnum viðkomandi skora, annast val nemenda skv. liðum A-G. Nánari ákvæði um inntökuskilyrði og inntöku nemenda í þessar greinar er að finna í kennsluskrá og á vef félagsvísindadeildar.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett, að fengnum tillögum háskóladeilda og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, gilda fyrir háskólaárið 2005-2006.

Háskóla Íslands, 15. mars 2005.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUGERÐ

um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Skilgreining gildissviðs.

Reglugerð þessi gildir um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda.

2. gr.

Orðskýringar.

Alþjónusta: Póstþjónusta sem landsmenn skulu eiga aðgang að á jafnræðisgrundvelli.

Einkaréttarþjónusta: Póstþjónusta sem enginn má veita nema ríkið eða póstrekkandi í umboði þess.

Póstrekandi: Aðili sem veitir hvers kyns pósthjónustu.

Póstþjónusta: Þjónusta sem nær til móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og skila á póstsendingum gegn greiðslu.

Rekstrarleyfishafi: Aðili sem hefur leyfi til að veita alþjónustu.

3. gr.

Aðilar sem aðgreina skulu tekjur og kostnað í bókhaldi sínu.

- a. Póstrekandi sem fengið hefur rekstrarleyfi og á hafa verið lagðar kvaðir um að veita alþjónustu.
- b. Póstrekandi sem falinn hefur verið einkaréttur ríkisins, sbr. 11. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002.
- c. Póstrekandi sem stundar einnig leyfisskylda starfsemi á öðru sviði en pósthjónustu.

II. KAFLI

Bókhaldsleg aðgreining.

4. gr.

Tilgangur.

Tilgangur með aðgreiningu á kostnaði í bókhaldi fyrirtækis er:

- a. að hægt verði að sjá tekjur og kostnað fyrir mismunandi rekstrareiningar,
- b. að geta sýnt fram á að sömu skilmálar gildi um þjónustu sem veitt er öðrum fyrirtækjum og þjónustu sem innt er af hendi við aðrar deildir póstrekkandans sem hlut eiga að máli,
- c. að auka traust á aðferðum við ákvörðun gjalds fyrir mismunandi tegundir þjónustu.

5. gr.

Framkvæmd aðgreiningar.

Póstrekandi sem fellur undir ákvæði 3. gr. skal færa bókhald á þann hátt að hægt verði að skipta öllum tekjum og kostnaði niður á rekstrareiningar sem tengja má mismunandi þjónustu.

Póstrekandi skal gera grein fyrir þeim aðferðum sem viðhafðar eru samkvæmt 1. mgr. við skiptingu tekna og kostnaðar og fá samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir þeim.

6. gr.

Millifærslur.

Þegar hluti af rekstri póstrekkanda fer fram í dótturfyrirtæki eða þjónusta skiptist milli deilda eða rekstrareininga skal skrá allar færslur milli fyrirtækjanna, deildanna eða rekstrareininga með skýrum aðskilnaði í bókhaldi.

7. gr.

Eignamat.

Með hliðsjón af mati á afskriftum og ávöxtunarkröfu þeirra fjármuna sem þarf til að veita pósthjónustu er heimilt að leggja mat á virði þeirra fjárfestinga sem krafist er til að inna af hendi viðkomandi þjónustu. Að jafnaði skal ekki reikna viðskiptavild til eigna sem þarf til að veita pósthjónustu.

8. gr.

Afskriftir.

Beita skal aðferðum beinlínu afskriftar við mat á árlegum afskriftum eigna sem tengjast framboði þjónustunnar. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt þegar sérstakar aðstæður krefjast þess, að samþykkja notkun annarra afskriftaraðferða og að taka tillit til hugsanlegs hrakvirðis eignar.

9. gr.

Ávöxtunarkrafa.

Reikna skal kostnað af fjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu. Ávöxtun fjármagnsins skal taka mið af hlutfallinu á milli eigin fjár lögbundins ársreiknings og vaxtaberandi skulda og byggjast á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC). Taka ber tillit til frádráttarbærni vaxta gagnvart útreikningi tekjuskatts þegar vegið meðaltal fjármagnskostnaðar er reiknað. Niðurfærsla viðskiptavildar sem til er orðin sem viðbót á kaupverði eigna félags og falin er í framtíðarsjóðstreymi þess skal ekki skerða eigið fé félagsins við útreikning á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar eins og hér hefur verið lýst.

10. gr.

Greining tekna og kostnaðar eftir þjónustu.

Færa skal tekjur á sérhverja tegund þjónustu skv. 12. gr.

Greining kostnaðar byggist á fyrirfram ákveðinni skilgreiningu á tilkostnaði fyrir sérhverja tegund þjónustu skv. 12. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun getur heimilað aðrar aðferðir í undantekningartilfellum.

Póst- og fjarskiptastofnun getur metið hagkvæmni rekstrar og hafnað kostnaði ef sýnt er fram á að um kostnað er að ræða sem ekki er nauðsynlegur við að veita viðkomandi þjónustu.

11. gr.

Verðgrundvöllur.

Verð á þjónustu skal byggjast á raunkostnaði að viðbættri hæfilegri álagningu samkvæmt 9. gr.

12. gr.

Skipting eftir tegundum þjónustu.

Póstrekandi sem fellur undir 3. gr. skal gera Póst- og fjarskiptastofnun grein fyrir því hvornig aðgreiningu í bókhaldi er háttað með tilliti til tekna og kostnaðar fyrir þær þjónustugreinar sem falla undir:

- 1) Póstþjónustu í alþjónustu innan einkaréttar.
- 2) Póstþjónustu í alþjónustu utan einkaréttar.
- 3) Aðra pósthjónustu.
- 4) Aðra þjónustu.

13. gr.

Ársreikningar og reikningsyfirlit.

Póstrekandi sem fer með einkarétt ríkisins samkvæmt 11. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002 og þeir póstrekendur sem á hafa verið lagðar kvaðir um að veita alþjónustu skulu semja reikningsskil fyrir alla sérgreinda starfsemi sem lýst er í tölulíðum 12. gr. reglugerðarinnar. Eftirtalin reikningsyfirlit og upplýsingar skulu fylgja ársreikningi sem senda skal Póst- og fjarskiptastofnun:

- a. Sérgreindur rekstrarreikningur fyrir hinar ýmsu deildir eða þjónustu.
- b. Forsendur að kostnaðarskiptingu: þ.m.t. einingarverð og magntölur.

Póstrekandi skal upplýsa um þær reikningsskilaaðferðir sem beitt er við ársreikningsgerð hinnar ýmsu þjónustu.

Við gerð reikningsskila þjónustu og deilda og hins lögbundna ársreiknings skal þess gætt að kleift sé að rekja þann mismun sem upp kemur vegna mismunandi reikningsskilaaðferða. Á öllum reikningsskilum skal vera áritun endurskoðanda.

14. gr.

Upplýsingaskylda.

Póstrekandi sem á hefur verið lögð kvöð um að veita alþjónustu skal að beiðni Póst- og fjarskiptastofnunar afhenda stofnuninni, innan hæfilegs frests sem Póst- og fjarskiptastofnun setur, sundurliðaðar bókhalds- og fjármálaupplýsingar svo að stofnunin geti tryggt að tilgangi 4. gr. megi ná. Stofnuninni er heimilt að birta slíkar upplýsingar í heild eða að hluta til, ef það er talið leiða til meiri samkeppni og opnari markaðar og eins til að tryggja að jafnræðis sé gætt nema að eðlilegt og sanngjarnt teljist að leynt sé farið með viðkomandi upplýsingar vegna viðskiptahagsmuna.

Þegar nota á kostnaðargreiningu póstrekkanda til þess að ákvarða verð á þjónustu sbr. 11. gr. er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að krefjast skriflegra upplýsinga sem gera stofnuninni kleift að leggja mat á eftirfarandi þætti:

1. Eignamat.
2. Afskriftir.
3. Arðsemi.
4. Framkvæmd kostnaðargreiningar.

III. KAFLI

Fjárhagsleg aðgreining.

15. gr.

Fjárhagslegur aðskilnaður skal vera á milli póstpjónustu og annars reksturs póstrekkanda. Ef fjárhagsleg aðgreining deilda póstrekkanda hefur verið fyrirskipuð skal póstrekkandi auk þess að fara að ákvæðum II. kafla um bókhaldslegan aðskilnað.

IV. KAFLI

Eftirlit.

16. gr.

Eftirlitsskylda.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa eftirlit með að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt, sbr. 5. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003.

V. KAFLI

Heimildarákvæði.

17. gr.

Heimildarákvæði.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um póstpjónustu nr. 19/2002, með síðari breytingum.

18. gr.
Gildistaka.

Póstrekendur skulu hefja færslu bókhaldsgagna í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar eigi síðar en hinn 1. janúar 2006.

Samgönguráðuneytinu, 11. mars 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi við Hraungerði og Borgarsíðu, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 1. mars 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagsskilmálum fyrir Hraungerði 1. Breytingin felst í því að leyfður þakhalli verður 10°-30° í stað 10°-14° áður.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 15. febrúar 2005 og 1. mars 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögur að breytingum á deiliskipulagi fyrir Borgarsíðu 23 og 29.

Breytingarnar eru samhljóða og felast í því að bílskúrar verða innbyggðir í húsin í stað þess að vera stakstæðir og að byggingarreitir húsanna verða 10,7 x 13 m í stað 9 x 13 m.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og hefur bæjarstjórn lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón, sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna þeirra. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 18. mars 2005.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Sunnumörk og Mánamörk í Hveragerði.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 10. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi við Sunnumörk og Mánamörk í Hveragerði, samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997. Tilheyrandi deiliskipulagsuppráttur ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 15. mars 2005.

Guðmundur F. Baldursson, skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar.

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Skaftárhreppi.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við heildargjald. Gjald fyrir hverja skoðun er kr. 6.036 með virðisaukaskatti. Innifalið er vinna og akstur.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal vera kr. 6.036 með virðisaukaskatti. Innifalið er vinna og akstur.

3. gr.

Komi til þess að grípa þurfi til handsömunar, fóðrunar og hýsingar búfjár sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins hverju sinni.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Gjald samkvæmt 1. og 2. gr. þessarar gjaldskrár uppfærist árlega til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Grunnur er vísitala í nóvember 2004, 229,8 stig.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn Skaftárhrepps, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. mars 2005.

F. h. r.
Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Rangárþingi ytra.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun skv. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. skal miðast við að vera heildargjald. Gjald fyrir hverja skoðun er kr. 6.036, með virðisaukaskatti. Innifalið er vinna og akstur.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. skal vera kr. 6.036 með virðisaukaskatti, fyrir hverja heimsókn. Innifalin er vinna og eftirlit á bæ.

3. gr.

Komi til þess að grípa þurfi til handsömunar, fóðrunar og hýsingar búfjár sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins hverju sinni.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hvert sinn.

5. gr.

Gjald skv. 1. og 2. gr. þessarar gjaldskrár uppfærist til samræmis við breytingu á vísitölu neysliverðs án húsnæðis m.v. 1. nóvember hvert ár.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn Rangárþings ytra, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. mars 2005.

F. h. r.

Hákon Sigurgrímsson.

Atli Már Ingólfsson.

GJALDSKRÁ

**fyrir búfjárefirlit Héraðssvæðis, búfjárefirlitssvæði Austur-Héraðs,
Norður-Héraðs, Borgarfjarðarhrepps, Fellahrepps,
Fljótshrepps og Seyðisfjarðarbæjar.**

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal vera kr. 6.000 pr. bú.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal vera kr. 2.000 pr. klst.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr., skal greiddur af umráðamanni búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins. Akstursgjald sbr. 11. gr. skal þó miðast við 70 km akstur á bú.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar héraðs-
stjórnar Héraðssvæðis ár hvert.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt hefur verið af héraðsstjórn Héraðssvæðis og bæjarstjórn
Seyðisfjarðarbæjar er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald
o.fl., og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. mars 2005.

F. h. r.

Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

**um skrá Ísafjarðarbæjar samanber 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Bæjarskrifstofa

Bæjarstjóri	1 staða
Bæjarritari	1 staða
Fjármálastjóri	1 staða
Launafulltrúi	1 staða
Forstöðumaður skóla- og fjölskylduskrifstofu	1 staða

Tæknideild

Forstöðumaður umhverfissviðs	1 staða
Forstöðumaður skipulagssviðs	1 staða
Umsjónarmaður fasteigna	1 staða

Áhaldahús

Bæjarverkstjóri	1 staða
Staðarverkstjórar Flateyri, Suðureyri, Þingeyri	3 stöður

Ísafjarðarhafnir

Hafnarstjóri	1 staða
Staðgengill hafnarstjóra	1 staða

Slökkvilið/sjúkraflutningar

Slökkviliðsstjóri	1 staða
Aðstoðarslökkviliðsstjóri	1 staða
Sjúkraflutningar	2 stöður

Heilbrigðismál

Íþróttta- og æskulýðsfulltrúi, jafnframt
forstm. sundhalla og íþróttahúsa 1 staða

Hlíf I, Ísafirði

Forstöðumaður 1 staða
Þjónustudeild, deildarstjóri 1 staða
Þjónustudeild, aðhlyning 6,4 stöður
Þjónustudeild, ræsting/þvottur 1 staða

Bókasafn

Forstöðumaður 1 staða

Sorpbrennslan Funi

Forstöðumaður 1 staða
Staðgengill forstöðumanns 1 staða

Skrá þessi sem samþykkt hefur verið í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skal öðlast gildi við birtingu og kemur í stað auglýsingar nr. 190/2005.

Ísafirði, 11. mars 2005.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Stórutjarnir í Þingeyjarsveit.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 5. ágúst 2004 samþykkt deiliskipulag Melgötu við Stórutjarnir. Skipulagssvæðið er um 2,5 ha að stærð, umhverfis og við núverandi íbúðarbyggð við Stórutjarnaskóla. Þegar hafa verið byggð fjögur íbúðarhús og slökkvistöð innan skipulagssvæðisins. Í tillögunni er gert ráð fyrir fjórum nýjum lóðum undir íbúðarhús auk nýrrar lóðar undir atvinnustarfsemi. Engar athugasemdir bárust við skipulagstillöguna á kynningartíma.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 16. mars 2005.

Jóhann Guðni Reynisson, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar.

AUGLÝSING

sveitarstjórnar Dalabyggðar um samþykki deiliskipulags.

Deiliskipulag í landi Fellsenda.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Dalabyggðar þann 21. september 2004 samþykkt deiliskipulag í landi Fellsenda í Dalabyggð.

Deiliskipulagið tekur til lóðar fyrir nýtt hjúkrunarheimili fyrir aldraða á um 3 ha landsvæði vestan við núverandi hjúkrunarheimili.

Deiliskipulag frístundabyggðar í Sælingsdalstungu.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Dalabyggðar þann 23. nóvember 2004 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Sælingsdalstungu í Dalabyggð.

Skipulagssvæðið er um 97 ha að stærð og þar af eru 57 lóðir undir frístundabyggð samtals um 37 ha. Hámarksstærð húsa verður 120 m² og leyfilegt verður að byggja við 25 m² útigeymslur sambygðar húsum.

Greinargerðir og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Dalabyggð, 15. mars 2005.

Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingarfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Grýtubakkahreppi.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Grýtubakkahreppi skal húseigandi greiða árlegt þjónustugjald, rotþróargjald, sbr. 4. gr. samþykktar nr. 671/2003, um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar á Norðurlandi eystra að undanskildum Húsavíkurbæ.

2. gr.

Rotþróargjald fyrir árið 2005 skal vera kr. 5.000 fyrir þrær undir 3.000 l að rúmmáli og kr. 8.000 fyrir 3.000 l þrær eða stærri. Gjaldið miðast við að hreinsun og tæming rotþróa sé á þriggja ára fresti.

3. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 6. desember 2004, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu hennar.

Grenivík, 11. janúar 2005.

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:	kr.
Íbúðir á Grenivík	12.400
Sveitaheimili	8.200
Sumarbústaðir á Grenivík	8.200
Sumarbústaðir utan Grenivíkur	4.100
Hreppsnefnd er heimilt að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru í heimili.	

Sorphirðugjald fyrirtækja (þ.m.t. sveitabýla):	kr.
Flokkur 1	8.200
Flokkur 2	12.400
Flokkur 3	22.000
Flokkur 4	38.500
Flokkur 5	77.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

3. gr.

Gjaldskráin var samþykkt í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 8. og 22. nóvember 2004. Gjaldskráin er sett með stoð í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. reglugerð um úrgang nr. 805/1999.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu hennar.

Grenivík, 11. janúar 2005.

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 234/2003 um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki fyrir þá sem eru með heyrnarmein.

1. gr.

3. gr. orðast svo:

Þátttaka í kostnaði við hjálpartæki samkvæmt þjónustusamningi.

Ráðuneytinu er heimilt að gera þjónustusamning um útvegum og sölu hjálpartækja og nauðsynlega þjónustu vegna þeirra við aðila sem fengið hefur rekstrarleyfi ráðherra, skv. 1. mgr. 37. gr. b. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Sjúkratryggður einstaklingur sem nýtir sér þjónustu rekstrarleyfishafa sem hefur þjónustusamning við ráðuneytið, sbr. 1. mgr. á rétt á kostnaðarþátttöku ríkisins skv. 2. tölul. 1. mgr., 2. mgr. og 4. mgr. 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 10. mgr. sbr. 4. mgr. 37. gr. a. og 4. mgr. 37. gr. b. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. mars 2005.

Jón Kristjánsson.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Deiliskipulag gamla miðbæjarins í Borgarnesi.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 15. mars 2005.

Sigurður P. Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

AUGLÝSING

staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Marinós Bjarna Kristjánssonar nr. 290 22. apríl 1983.

Stjórn Minningarsjóðs Marinós Bjarna Kristjánssonar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var 22. apríl 1983:

Breyting á 7. gr. skipulagsskrárinnar er að í stað orðanna „sparisjóðsstjóri Eyrarsparisjóðs“ komi „útibússtjóri Sparisjóðs Vestfirðinga, Patreksfirði“

9. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningar hans skulu endurskoðaðir með reikningum Sparisjóðs Vestfirðinga.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Marinós Bjarna Kristjánssonar staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. mars 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun og eyðingu sorps í Skorradalshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skorradalshrepps er heimilt, í samræmi við 5. gr. samþykktar nr. 632/2000 um sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu), að leggja á sérstakt gjald vegna sorphreinsunar og eyðingar sorps í Skorradalshreppi.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:	kr.
Sorpgjald A Lögbýli með búskap:	13.500
Sorpgjald B Tjaldsvæði og önnur atvinnustarfsemi:	13.500
Sorpgjald C Lögbýli án búskapar:	7.000
Sorpgjald D Frístundahús, fullgerð og í byggingu samkvæmt FMR:	5.000
Sorpgjald E Íbúðarhús:	7.000

Gjald sem leggst á einu sinni með innheimtu byggingarleyfisgjaldi:

Sorpgjald F Nýbygging frá 35 m ² að 100 m ² :	6.000
Sorpgjald G Nýbygging stærri en 100 m ² :	9.000

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skorradalshrepps með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 294/2003 um sorpeyðingu í Skorradalshreppi.

Samþykkt í sveitarstjórn Skorradalshrepps 9. mars 2005.

Grund, 13. mars 2005.

Davíð Pétursson oddviti.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag við Ástjörn á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 9. febrúar 2005 tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð við Ástjörn á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:1000 þann 15. júlí 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 11. ágúst til og með 8. september 2004 með athugasemdafresti til og með 22. september 2004.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillöguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 11. mars 2005.

Grétar Zóphaniásson, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag lóðanna Austurvegur 62, 62a og 64, 64a á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 9. febrúar 2005 tillögu að deiliskipulagi fyrir fjórar lóðir fyrir verslanir, skrifstofur og léttan iðnað að Austurvegi 62, 62a og 64, 64a á Selfossi.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:1000 þann 15. október 2003 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 3. desember til og með 31. desember 2003 með athugasemdafresti til og með 14. janúar 2004.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillöguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 14. mars 2005.

Grétar Zóphaniásson, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.

AUGLÝSING

um skrá Heilsustofnunar NLFÍ skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hjúkrunarfræðingar í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga:

Hjúkrunarforstjóri

Hjúkrunarfræðingur 4,2 stg. þ.e. (1) á hverri vakt, morgunvakt, kvöldvakt og næturvakt.

Tilgreint er að eldri auglýsing nr. 107 frá janúar 2005 fellur úr gildi.

Hveragerði, 17. mars 2005.

Hulda Sigurlína Þórðardóttir hjúkrunarforstjóri.

REGLUGERÐ

um kjöt og kjötvörur.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um flokkun og samsetningu kjöts og kjötvara hér á landi. Ákvæði hennar ná einnig til nafngifta og annarra merkinga sem notaðar eru við dreifingu kjöts og kjötvara.

2. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja að neytendur fái réttar og greinargóðar upplýsingar um kjöt og kjötvörur sem boðnar eru til sölu, auglýstar eða kynntar með öðrum hætti.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirtalin hugtök svofellda merkingu:

1. *Kjöt* er beinagrindarvöðvar spendýra og fugla sem hæfir eru til manneldis ásamt meðfylgjandi eða tengdum vefjum. Þind og kjálkavöðvar eru hluti af beinagrindarvöðvum en hjarta, tunga, vöðvar í höfði (nema kjálkavöðvar), löppum og rófu (dindli, hala) eru undanskildir.
2. *Innmat* eru hjörtu, lifur, nýru og aðrir hlutar sláturdýra sem ekki falla undir skilgreiningu á kjöti en eru nýttir til manneldis.
3. *Ferskt kjöt* er kjöt, þar með talið kjöt í lofttæmdum og loftskiptum umbúðum sem að frátalinni kælingu hefur ekki verið meðhöndlað til að lengja geymsluþolið.
4. *Kjötvara* er hver sú vara sem unnin er úr kjöti og/eða innmat. Í henni geta einnig verið önnur hráefni svo og aukefni, en hámark þeirra fer eftir því um hvaða vöru er að ræða. Samanlagt magn annarra hráefna og aukefna má þó aldrei fara yfir 65%.

5. Önnur hráefni eru innihaldsefni eins og sojamjöl, mjólkurprótein, undanrennuduft, kartöflumjöl, sterkja, sykur og aðrir prótein- og kolvetnagjafar. Einnig er átt við vatn sem bætt er í vöruna, svo og salt, krydd og bragðefni.

4. gr.

Flokkun kjötvara.

Kjöti og kjötvörum skal skipt í eftirfarandi flokka:

1. *Hreinar kjötvörur* eru kjötskrokkar, kjötstykki, kjötsneiðar, kjötbitar, hakk og hamborgarar, sem engu hefur verið aukið í.
2. *Kjöt og kjötvörur með viðbættu vatni* er kjöt og kjötvörur þar sem viðbætt vatn fer yfir 10% í hrárrí lokaafurð eða 5% í soðinni lokaafurð. Í vörur í þessum flokki má einungis bæta aukefnum og vatni.
3. *Blandaðar kjötvörur* eru vörur unnar úr kjöti með því að hluta það, brytja í bita eða hakka og blanda það eða hjúpa með öðrum hráefnum og/eða aukefnum skv. reglugerð um aukefni í matvælum með síðari breytingum, nr. 285/2002.
4. *Þurrkryddað og kryddlegið kjöt* eru heil stykki, sneiðar eða bitar sem legið hafa í kryddi eða kryddlegi.
5. *Sláturmatur* er vara úr innmat og/eða vara sem byggir á innlendri matarhefð eins og svið, blóðmör, lifrarpýlsa, lundabaggar, hrútsþungar og bringukollar.
6. *Saltaðar vörur* eru kjötvörur úr heilum stykkjum, sneiðum, bitum eða hakki, sem verkaðar eru með þurr-, þækil-, sprautu- eða veltisóltun og ef til vill reykingu og suðu. Vörum í þessum flokki er skipt í eftirfarandi undirflokka:
 - a) *Hráar saltaðar vörur* þurfa hitameðferð fyrir neyslu nema um sé að ræða þurrkaða og/eða gerjaða hrávöru. Undir þennan flokk falla m.a. saltkjöt, hangikjöt, beikon og hamborgarhryggur.
 - b) *Soðnar saltaðar vörur* eru vörur sem eru tilbúnar til neyslu, svo sem skinka, hangialégg og soðin rúllupýlsa.
7. *Farsvörur* eru vörur úr försuðu kjöti sem blandað er öðrum hráefnum og aukefnum. Þær eru flokkaðar eftir vinnslu og meðferð í eftirfarandi undirflokka:
 - a) *Hráar farsvörur* eru vörur sem þurfa hitameðferð fyrir neyslu, svo sem kjötfars og hrá medisterpýlsa.
 - b) *Matar- og áleggspýlsur* eru soðnar farsvörur mótaðar í görn eða á annan hátt.
 - c) *Kæfur og pate* eru vörur úr hökkuðu eða försuðu kjöti og/eða innmat, blönduðu öðrum hráefnum og/eða aukefnum. Varan er hituð, mótuð og er skurðföst eða smyrjanleg.
8. *Hrápýlsur* eru framleiddar úr smækkuðu kjöti með söltun, þurrkun, gerjun og ef til vill reykingu og eru borðaðar hráar, svo sem spægipýlsa og pepperóní. Vatn í fitufrú efni (mælikvarði á þurrkun) á ekki að vera meira en 70%.
9. *Kjötsultur* eru soðnar vörur úr kjöti og öðrum hráefnum og/eða aukefnum og mynda hlaup eftir hitun.

5. gr.

Markaðssetning.

Við sölu á hreinum kjötvörum skal tilgreint úr hvaða flokkum hráefni er, sbr. viðauka III við reglugerð þessa, og skal það koma fram í innihaldslýsingu.

Heitið nautakjöt skal ekki notað sem samheiti fyrir kjöt af nautgripum heldur skal það einungis notað um ungneytakjöt, sbr. viðauka III.

6. gr.

Almenn merkingarákvæði.

Við merkingu, auglýsingu og kynningu skulu kjöt og kjötvörur vera í samræmi við skilgreiningar í 3. og 4. gr. og reglur um gæðaflokkun, sem fram koma í viðauka I við reglugerð þessa. Jafnframt skal uppfylla ákvæði viðauka II og 7., 8. og 9. gr. þessarar reglugerðar. Þegar notuð eru alþjóðleg heiti kjötvara önnur en fram koma í reglugerð þessari skal fylgja hefðbundnum aðferðum, uppskriftum og útliti þeirra enda sé það í samræmi við aðrar reglur um matvæli.

7. gr.

Innihaldslýsing.

Innihaldslýsing skal veita nákvæmar upplýsingar um samsetningu vörunnar og skal magn hráefna tilgreint þegar um það er gerð krafa. Umbúðamerkingar skulu að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, nr. 588/1993, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun gefur út leiðbeiningar um útreikninga og merkingar sem byggja á upplýsingum um efnasamsetningu kjöthráefna úr íslenska gagnagrunninum um efnasamsetningu matvæla (ÍSGEM). Útreikningar á kjötmagni, viðbótarfitu og viðbótar bandvef, skulu byggjast á uppskriftum af viðkomandi vörum og samsetningu þeirra. Fyrirtækjum er einnig heimilt að styðjast við mælingar sem þau láta framkvæma fyrir sig.

Næringargildi er skylt að merkja á umbúðum kjötvara. Merkingin skal a.m.k. tilgreina orku, magn orkuefna og natríum. Ákvæði þetta skal þó ekki gilda um hreinar kjötvörur og kjöt með beini. Þó er skylt að tilgreina magn fitu í hakki og hamborgurum sbr. viðauka II.

8. gr.

Fullyrðingar.

Fullyrðingar um næringargildi, svo sem merkingin „lítið salt“ eða „fituskert“, eru aðeins heimilar fyrir vörur sem uppfylla skilyrði um slíkar merkingar í samræmi við ákvæði reglugerðar um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, nr. 588/1993, með síðari breytingum. Skal í þeim tilvikum miðað við dæmigerða efnasamsetningu fyrir samskonar eða sambærilega vöru.

9. gr.

Viðbætt vatn.

Vatn, sem aukið er í kjöt í heilum stykkjum (eða í endurmótaðar vörur sem líta út eins og heilir vöðvar), skal tilgreina í tengslum við vöruheiti ef magn þess fer yfir 5% í soðnum vörum eða 10% í hráum vörum. Jafnframt skal tilgreina magn kjöts í innihaldslýsingu skv. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, nr. 588/1993, með síðari breytingum.

10. gr.

Innra eftirlit.

Matvælafyrirtæki skulu, við reglubundið eftirlit, geta framvísað fullnægjandi gögnum um að vörur þeirra séu í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og skulu gögnin vera hluti af innra eftirliti fyrirtækisins. Eftirlitsaðilar skulu hafa fullan aðgang að slíkum gögnum um innra eftirlit fyrirtækisins, sbr. einnig ákvæði reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, nr. 522/1994.

Matvælafyrirtækjum er heimilt að reikna út samsetningu kjötvara að fengnu samþykki eftirlitsaðila að því tilskyldu að stuðst sé við gagnagrunn sem Umhverfisstofnun telur fullnægjandi.

11. gr.
Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hver á sínum stað, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar, nema annað sé ákvarðað skv. lögum eða sérreglum.

Við rannsóknir skulu einungis notaðar faggiltar rannsóknaraðferðir. Ef aðrar rannsóknaraðferðir eru notaðar skal leita eftir samþykki Umhverfisstofnunar. Eftirlitsaðila er heimilt að taka sýni til rannsókna á kostnað framleiðanda eða dreifanda sé rökstuddur grunur um að vara uppfylli ekki ákvæði 7., 8. og 9. gr. þessarar reglugerðar.

12. gr.
Málsmeðferð og viðurlög.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt 30. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

13. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um kjöt og kjötvörur, nr. 302/1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir vörur, sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar, er frestur til 18. mars 2006 að gera nauðsynlegar breytingar í samræmi við þessa reglugerð.

Umhverfissráðuneytinu, 18. mars 2005.

Sigríður A. Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

VIÐAUKI I
Gæðaflokkun kjötvara.

Vöru-/gæðaflokkur	Kjöt
Hreinar kjötvörur:	
<i>Hamborgarar og hakk</i>	100%
Hráar saltaðar, þurrkryddaðar og kryddlegnar kjötvörur:	
<i>Lúxus (eða sambærilegt samþykkt forskeyti sem vísa til gæða)</i>	Minnst 95% (þó hámark 15% fita)
<i>Hamborgarhryggur</i>	Minnst 85%
<i>Hangikjöt</i>	Minnst 90%
Soðnar saltaðar vörur:	
<i>Lúxus (eða sambærileg samþykkt forskeyti sem vísa til gæða) (heil kjötstykki)</i>	Minnst 95% (þó hámark 15% fita)
<i>Skinka (inniheldur viðbætt vatn)</i>	Minnst 80% (þó hámark 10% fita)
<i>Skinka með forskeyti, (inniheldur viðbætt vatn)</i>	Minnst 50% (þó hámark 10% fita)

VIÐAUKI II

Heiti sem taka til nafnverndar og sérákvæði um merkingu.

Hreinar kjötvörur:	
<i>Hamborgari</i>	Vara sem eingöngu er unnin úr nautgripakjöti sbr. skilgreiningar í viðauka III.
<i>Kjöttegund í heiti</i>	Þar sem vísað er til ákveðinnar kjöttegundar í heiti vöru í þessum flokki skal varan eingöngu innihalda kjöt og fitu af þeirri tegund (s.s. nautgripahakk). Þegar hakk er blanda af fleiri en einni kjöttegund og í vörum úr hakki þar sem ekki er vísað til tegundar í heiti, skulu kjöttegundir og magn þeirra koma fram í innihaldslýsingu. Magn hvernar tegundar er þá reiknað sem hlutfall (%) hráefnisins sem notað er við framleiðslu vörunnar.
<i>Magn fitu</i>	Við sölu á hamborgurum og hakki skal með sérmerkingu í tengslum við heiti vörunnar tilgreina fituhlutfall sem 6 eininga prósentubíl að hámarki, t.d. „Fituinnihald (10-15)%“.
Blandaðar kjötvörur: (blandaðar öðrum hráefnum)	
<i>Kjöttegund í heiti</i>	Kjöt og fita í vörinni skal eingöngu vera af þeirri kjöttegund sem vísað er til. Innihaldi varan önnur hráefni skal þess getið í undirheiti.
<i>Borgari og hakk</i>	Ef aðrir próteingjafar en kjöt eru notaðir við framleiðsluna í magni sem samsvarar 3% eða meira, reiknað sem hreint prótein, skal magn þeirra (%) tilgreint í innihaldslýsingu.
Sláturmatur:	
<i>Heiti vörutegunda</i>	Ekki er heimilt að nota neðangreindar nafngiftir um aðrar vörur en þær sem hér eru skilgreindar.
<i>Súrsaðir hrútpungar</i>	Soðin og pressuð lambaeistu, súrsuð í mysu.
<i>Súrsaðar bringur</i>	Soðnar lambabringur, súrsaðar í mysu.
<i>Súrsaðir lundabaggar</i>	Úrbeinuð, upprúlluð og soðin lambaslög, e.t.v. fyllt með öðru kjöti, súrsuð í mysu.
<i>Lifrarpylsa</i>	Ósoðin og frosin lifrarpylsa, soðin lifrarpylsa og lifrarpylsa, súrsuð í mysu.
<i>Blóðmör</i>	Ósoðinn og frosinn blóðmör, soðinn blóðmör og blóðmör, súrsaður í mysu.
Saltaðar vörur:	
<i>Heiti vörutegunda</i>	Um nafngiftir í þessum flokki gildir að ekki er heimilt að vísa til notkunar annarra kjöttegunda en þeirra sem skilgreindar eru fyrir eftirfarandi vörutegundir:
<i>Saltkjöt</i>	Saltað lambakjöt.
<i>Hangikjöt</i>	Saltað og kaldreykt lambakjöt, að einhverju eða öllu leyti taðreykt. Heimilt er að nota kjöt af veturgömlu og sauðum og skal það tilgreint í vöruheiti.
<i>Beikon</i>	Saltað og e.t.v. reykt svínakjöt úr hrygg og/eða síðu.
<i>Lúxus skinka</i>	Beinlaust, saltað og e.t.v. reykt svínalæri.
<i>Skinka</i>	Saltað og e.t.v. reykt svínakjöt.
<i>Hamborgarhryggur</i>	Saltaður og léttreyktur purulaus svínahryggur.
<i>Magáll</i>	Úrbeinuð, þurrkölluð, pressuð, soðin, reykt og þurrkuð lambaslög.
Farsvörur, hrápylsur:	
<i>Kjöttegund í heiti</i>	Þegar vísað er til ákveðinnar kjöttegundar í heiti (s.s. kindabjúgu) skal ekki minna en 80% af kjöti vörunnar vera af þeirri tegund.
Kjötsultur, þurrkryddað og kryddlegið kjöt:	
<i>Kjöttegund í heiti</i>	Þegar vísað er til ákveðinnar kjöttegundar í heiti vörunnar skal hún eingöngu innihalda kjöt af þeirri tegund.

VIÐAUKI III
Skilgreining á hreinum kjötvörum.

1. Nautgripakjöt (samheiti fyrir kjöt af nautpeningi, án tillits til aldurs eða kynferðis):	
<i>Kýrkjöt</i>	Kjöt af kúm, 30 mánaða og eldri.
<i>Ungneytakjöt/ nautakjöt</i>	Kjöt af nautum, uxum eða kvígum, 12 til 30 mánaða gömlum.
<i>Alikálfakjöt</i>	Kjöt af kálfum, 3 til 12 mánaða.
<i>Ungkálfakjöt</i>	Kjöt af kálfum, allt að 3 mánaða.
2. Kindakjöt (samheiti fyrir kjöt af sauðfé, án tillits til aldurs eða kynferðis):	
<i>Ærkjöt</i>	Kjöt af fullorðnum ám og sauðum. Kjöt af veturgömlum ám og sauðum, á aldrinum 1 til 2 ára, er flokkað í sérstakan flokk.
<i>Lambakjöt</i>	Kjöt af gimbrum og geldingum að 1 árs aldri og hrútlömbum að 1 árs aldri, að undanskildum þeim sem slátrað er á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. mars.
3. Svínakjöt (samheiti fyrir kjöt af svínunum, án tillits til aldurs eða kynferðis):	
<i>Grísakjöt</i>	Kjöt af ungum svínunum, göltum sem vanaðir hafa verið innan 3 mánaða aldurs og gyltum sem ekki hafa gotið.
4. Hrossakjöt:	
<i>Hrossakjöt</i>	Kjöt af hrossum, eldri en 6 ára.
<i>Unghrossakjöt</i>	Kjöt af hrossum, 3 til 6 ára.
<i>Trippakjöt</i>	Kjöt af trippum, 1 til 2 ára.
<i>Folaldakjöt</i>	Kjöt af folöldum, allt að 1 árs.
5. Annað kjöt:	
<i>Villibráð</i>	
<i>Alifuglakjöt</i>	
<i>Kanínukjöt</i>	
<i>Geitakjöt</i>	

GJALDSKRÁ
fyrir rotþróargjald í Garðabæ.

1. gr.

Af öllum húseignum í Garðabæ þar sem fráveituvatn frá fráræsum húseigna er leitt í rotþrær skal greiða árlega rotþróargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa strauum af kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa í sveitarfélaginu, sbr. 18. gr. samþykktar um fráveitu í Garðabæ.

2. gr.

Álagningarstofn rotþróargjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Rotþróargjald skal nema 0,13% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki rotþróargjald. Gjald dagar rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Rotþróargjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Rotþróargjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur rotþróargjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

4. gr.

Við álagningu árlegs rotþróargjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaganna, sbr. lög nr. 137/1995, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Garðabæjar þann 3. mars 2003, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2005.

Garðabæ, 16. mars 2005.

Guðjón Erling Friðrikson bæjarritari.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 414/2000 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk í grunnskólum.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Nemendum í 10. bekk grunnskóla skal gefast kostur á að þreyta samræmd próf í allt að sex námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður. Þeir nemendur í 8. og 9. bekk, sem að mati skólastjóra og umsjónarkennara, hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá við lok grunnskóla í einstökum námsgreinum, geta, með samþykki forsjáraðila, valið að þreyta samræmd lokapróf í þeim námsgreinum.

Nemanda er heimilt að endurtaka samræmt lokapróf einu sinni. Velji nemandi að endurtaka próf skal síðari einkunnin gilda.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 11. mars 2005.

Þorgerður Katrín Gunnarsóttir.

Guðmundur Árnason.

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald í Garðabæ.

1. gr.

Af öllum húseignum í Garðabæ skal greiða árlega fráveitugjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 15. gr. samþykktar um fráveitu í Garðabæ.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,13% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaganna, sbr. lög nr. 137/1995, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulátilla elli- og örorkulífeyrisþega.

5. gr.

Í þeim tilvikum sem Garðabær nýtir heimild samkvæmt 14. gr. samþykktar um fráveitu sveitarfélagsins til að innheimta stofngjald skal það nema kr. 99.730. Gjaldið skal breytast í janúar ár hvert m.v. byggingarvísitölu og skal grunnvístala vera byggingarvístala í janúar 2005 304,7 stig.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Garðabæjar þann 3. mars 2005, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2005.

Garðabæ, 16. mars 2005.

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.

REGLUGERÐ

um fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Ríkislögreglustjóri annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu lögregluliða á landsvísu. Ríkislögreglustjóri starfrækir fjarskiptamiðstöð til þess að taka við öllum símtölum til lögreglu sem berast Neyðarlínu og afgreiðir þau til úrlausnar, auk þess sem hann annast stjórnun útkallshópa lögreglu og fyrstu viðbrögð við aðgerðastjórnun.

2. gr.

Skilgreiningar.

Útkallshópur lögreglu: Lögreglumenn sem manna ökutæki lögreglu svo og hópar lögreglumanna við göngueftirlit samkvæmt varðskrá sem sinna útkallsverkefnum.

Sýring útkallshópa: Það verkefni að forgangsraða, miðla upplýsingum, fela lögreglumönnum verkefni og að taka á móti niðurstöðum til skráningar í dagbók lögreglu.

Útkallsverkefni: Neyðartilfelli og önnur útköll vegna beiðna um aðstoð lögreglu á vettvangi.

Vakthafandi yfirmaður: Sá lögreglumaður á vakt sem stýrir varðstofu viðkomandi lögregluliðs hverju sinni.

Fyrstu viðbrögð við aðgerðastjórnun: Samræming fyrstu viðbragða útkallshópa lögreglu og bein fyrirmælagjöf vegna meiriháttar atburða.

3. gr.

Hlutverk og starfssvæði.

Starfssvæði fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra nær til alls landsins. Stjórnunar- og rekstrarfyrirkomulag hennar er á ábyrgð ríkislögreglustjóra.

Fjarskiptamiðstöðin skal sinna þjónustu- og samræmingarhlutverki við lögreglulið. Í því felst að forgangsraða og annast stjórnun útkallshópa lögreglu til verkefna. Fjarskiptamiðstöðinni ber að gæta samræmingar í verkefnum og stuðla að samvinnu milli lögregluembættanna.

Fjarskiptamiðstöðin skal án tafar hafa samband við stjórnanda í viðkomandi lögregluumdæmi og tilkynna um atburði er krefjast sérstaks skipulags og yfirtekur hann þá stjórnun á vettvangi. Þar til stjórnandi kemur á vettvang stjórnar fjarskiptamiðstöðin fyrstu viðbrögðum lögreglu í umboði lögreglustjóra og kallar til þá aðstoð sem nauðsynleg er.

Heimildir fjarskiptamiðstöðvarinnar til fyrstu aðgerðastjórnunar í umboði lögreglustjóra ná einnig til sérstakra starfa samkvæmt fyrirfram samþykktum áætlunum viðkomandi lögreglustjóra vegna sérstakra atburða innan umdæmis hans. Heimildir fjarskiptamiðstöðvarinnar ná jafnframt til starfa á grundvelli samræmdra áætlana lögreglu vegna sérstakra meiriháttar atburða sem ná til fleiri lögregluumdæma. Fjarskiptamiðstöðin skal ávallt upplýsa vakthafandi yfirmenn og útistjórnendur hjá viðkomandi lögregluliðum um gang mála.

4. gr.

Forgangsröðun verkefna.

Fjarskiptamiðstöðin skal sinna útköllum og öðrum verkefnum eins fljótt og vel og unnt er. Fjarskiptamiðstöðin skal forgangsraða þeim verkefnum sem henni berast. Fjarskiptamiðstöðinni ber jafnframt að koma ákvörðunum og fyrirmælum ríkislögreglustjóra og viðkomandi lögreglustjóra á framfæri við útkallshópa lögregluliða.

5. gr.

Aðgerðastjórnstöð.

Ef um sérstök verkefni undir stjórn ríkislögreglustjóra er að ræða, svo sem vegna útkalla sérsveitar ríkislögreglustjóra eða opinberra heimsókna, skal fjarskiptamiðstöðin starfa sem sérstök aðgerðastjórnstöð ríkislögreglustjóra.

6. gr.

Verklagsreglur.

Ríkislögreglustjóri skal setja verklagsreglur um hlutverk og starfsemi fjarskiptamiðstöðvarinnar. Í verklagsreglum skal meðal annars mæla fyrir um samvinnu við Neyðarlínuna, forgangsörðun neyðarsímtala og útkalla, heimildir til þess að senda útkallslið lögreglu milli umdæma, verkefni fjarskiptamiðstöðvarinnar við fyrstu aðgerðastjórnun, viðbragðsáætlanagerð lögreglu, afgreiðslu mála og bókanir í dagbók, ferilvöktun ökutækja, hljóðritanir í fjarskiptamiðstöð, þjálfun starfsmanna, fjarskiptabúnað lögregluliða og notkun fjarskipta og eftirlitsbúnaðar.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 7. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. mars 2005.

Björn Bjarnason.

Þorsteinn Geirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 – 2005

23. mars 2005

487

Nr. 336

REGLUGERÐ

um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum.

1. gr.

Greiða skal gjald af öllu innvegnu kjöti í afurðastöð, sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, ásamt síðari breytingum. Gjaldið miðast við raunkostnað við heilbrigðiseftirlitið.

2. gr.

Gjaldið greiðist skv. innvegnu magni kjöts í afurðastöð í samræmi við framleiðsluskýrslur sláturleyfishafa til Bændasamtaka Íslands. Sláturleyfishafa er skylt að skila undirritaðri framleiðsluskýrslu mánaðarlega fyrir 15. hvers mánaðar fyrir framleiðslu liðins mánaðar. Framleiðsluskýrsla skal undirrituð af framkvæmdastjóra eða af öðrum aðila fyrir hans hönd.

3. gr.

Bændasamtök Íslands skulu skila til álagningar aðila, sem er embætti yfirdýralæknis, framleiðslutölum hvers tímabils eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir liðinn mánuð.

4. gr.

Gjaldið skal standa straum af eftirtöldum þáttum í heilbrigðiseftirliti sláturafurða:

- a. Launum og ferðakostnaði kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólks þeirra.
- b. Kostnaði við töku eftirfarandi sýna í sláturhúsum og úrvinnslu þeirra:
 1. hálsaskinnssýna sem tekin eru með reglubundnum hætti vegna innleggs allra alifuglaframleiðenda, til rannsókna vegna Salmonella;
 2. botnlangasýna sem tekin eru með reglubundnum hætti vegna innleggs allra alifuglaframleiðenda, til rannsókna vegna kampýlóbakter;
 3. vöndulsýna eða kjötsafasýna sem tekin eru með reglubundnum hætti vegna innleggs allra svínaframleiðenda, til rannsókna vegna Salmonella;
 4. kjötsýna sem tekin eru með reglubundnum hætti vegna útflutnings til Evrópusambandsins á innleggi allra hrossakjötsframleiðenda, til rannsókna vegna Tríkína;
 5. sýna sem tekin eru af búnaði sláturhúsa.

- c. Rannsóknnum á sýnum vegna reglubundinna mælinga á lyfjaleifum og aðskotaefnun í sláturafurðum.
- d. Nauðsynlegu námskeiðahaldi fyrir kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólk þeirra, til viðhaldsmenntunar og samræmingar eftirlits milli afurðastöðva.

Gjaldið tekur ekki til greiðslu á öðrum kostnaði við heilbrigðiseftirlit en að ofan greinir. Kostnaður vegna viðbótarsýna eða prófana sem framleiðandi á búi þar sem greinst hefur smitefni er ógnar matvælaöryggi kann að óska eftir greiðist af viðkomandi framleiðanda. Beiðni um viðbótarsýnatökur skal vera skrifleg.

5. gr.

Sláturleyfishafa er skylt að standa skil á gjaldi eftir lok hvers tímabils þannig að fyrir framleiðslu hvers mánaðar skal gjalddagi vera 10. dag þar næsta mánaðar á eftir. Gjalddagi fyrir framleiðslu í janúar skal þannig vera 10. mars, o.s.frv.

Sé gjaldið ekki greitt innan 15 daga frá gjalddaga skal innheimta hæstu dráttarvexti sem lög leyfa frá gjalddaga til greiðsludags skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

6. gr.

Embætti yfirdýralæknis annast innheimtu álagðra gjalda skv. reglugerð þessari í umboði landbúnaðarráðherra. Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði er varða framkvæmd reglugerðarinnar sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

Öll gjöld skv. reglugerð þessari má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 21. gr. laga nr. 96/1997, með síðari breytingum. Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátru, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Með setningu reglugerðar þessarar er jafnframt felld úr gildi reglugerð um sama efni nr. 708/1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. mars 2005.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
334	16. mars	Gjaldskrá fyrir fráveitugjald í Garðabæ	484
335	23. mars	Reglugerð um fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra	485-486
336	23. mars	Reglugerð um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum	487-488

